



Alþingi – Umhverfis- og samgöngunefnd  
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2015

Málsnúmer: 2015110046  
Skjalalykill: 15.5.3

## Málefni: Umsögn um frumvarp um brottfall laga nr. 8/2005 um þriðju kynslóða farsíma

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2015, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er gefinn kostur á því að veita umsögn um frumvarp um brottfall laga um þriðjukynslóð farsímaþjónustu, sbr. þingskjal nr. 292 – 265 mál.

### 1. Tilgangur frumvarpsins

Umrætt frumvarp var unnið á vegum innanríkisráðuneytisins í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Frumvarpið snýr að 2100 MHz tíðnisviðinu sem að mestu var úthlutað til þriggja farsímafyrirtækja árið 2006 til að veita þriðju kynslóðar farsímaþjónustu (3G). Í ljósi þess að umrætt tíðnisvið er bundið við þriðju kynslóðar farsímaþjónustu, sem ekki gefur eins mikinn gagnaflutningshraða og nýjasta farnetstækni, er megintilgangur frumvarpsins að stuðla að hagkvæmri nýtingu á þeim tíðnum sem eftir eru á 2100 MHz tíðnisviðinu með því að fella löggin úr gildi. Með því væri t.d. hægt að úthluta þeim hluta af tíðnisviðinu sem nú er laust fyrir fjórðu kynslóð farsímaþjónustu (4G). Slíkt gæfi Póst- og fjarskiptastofnun einnig tækifæri til þess að skilgreina tíðnisviðið tæknilega hlutlaust í samræmi við evrópskar samþykktir þar að lútandi.

### 2. Hindranir við úthlutun samkvæmt gildandi lögum um þriðju kynslóð farsíma

Eins og rakið er í greinargerð frumvarpsins standa tiltekna kröfur í lögum nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsímaþjónustu í vegi fyrir því að hægt sé að nýta tíðnisviðið á hagkvæman og skilvirkan hátt, en þær eru m.a. þessar:


- Tíðnisviðið er bundið við eldri farnetstækni,
- Gerðar eru kröfur um umfangsmikla uppbyggingu og útbreiðslu þjónustu, sem þegar hefur verið náð,
- Gildistími tíðniheimildar er bundinn í lögum,
- Verð fyrir tíðniheimild er bundið í lögum,
- Skýlt er að úthluta tíðnisviðinu með útboði, sem kemur í veg fyrir að tíðniheimild sé boðin upp og þannig seld á markaðsverði.

Framangreindar kröfur gera það að verkum að það er ekki fýsilegt fyrir farsímafyrirtæki að sækjast eftir þeim tíðnum sem ennþá eru lausar til ráðstöfunar á 2100 MHz tíðnisviðinu. Segja má að kröfurnar hafi þjónað sínum tilgangi þegar tíðnisviðinu var úthlutað á árinu 2006, t.d. hvað varðar útbreiðsluskuldbindingar. Síðan þá hafa hins vegar markaðsaðstæður og tækniþróun breyst á þann veg að kröfurnar eiga ekki lengur við eða eru jafnvel til fyrirstöðu frekari þróunar.

Í greinargerð frumvarpsins er jafnframt farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á fjarskiptalögum og varða stjórnsýsluúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar í tíðnimálum. Almenn ákvæði fjarskiptalaga um tíðniúthlutanir fela það í sér að stofnunin getur náð sambærilegum markmiðum og framangreindar kröfur gera ráð fyrir, en á þann hátt að skilmálar tíðniúthlutunar falli betur að þörfum fjarskiptamarkaðarins.

### 3. Eftirspurn og þörf fyrir tíðnisviðið vegna næstu kynslóðar farsímaþjónustu (4G)

Með tilkomu fjórðu kynslóðar farnetsþjónustu hefur orðið mikil aukning á gagnamagni sem flutt er á farnetum. Skýrist þetta m.a. af því að snjallsímatækni getur nú boðið upp á ýmsar bandbreiðar þjónustur, t.d. miðlun myndefnis á ýmsan máta, sem uppfylla nauðsynlegar gæðakröfur um flutningshraða. Einnig hefur neyslumynstur neytenda tekið miklum breytingum á síðustu árum. Dregið hefur úr áhorfi á línulegar sjónvarpsútsendingar á meðan aukin eftirspurn er eftir aðgangi að hliðraðri dagskrá, þ.e. neytandinn sækir sér efni til afþreyingar þegar honum hentar, oft með þráðlausri fjarskiptaþjónustu, s.s. í gegnum snjallsíma eða spjaldtölvu. Tölfræðiupplýsingar Póst- og fjarskiptastofnun sýna fram á stóraukið flæði gagnmagns í farnetum á undanförunum árum:



Eins og myndin ber með sér fer gagnaflutningur í farnetum stigvaxandi og benda tölur frá fyrri hluta þessa árs síst til þess að vöxturinn fari minnkandi.

Þessi þróun kallar á að fleiri tíðnisvið séu tekin til notkunar fyrir farnetsþjónustur. Er þá einkum horft til þeirra tíðnisviða sem hafa þegar verið skilgreind fyrir farnetsþjónustur samkvæmt alþjóða- og Evrópusamþykktum, en 2100 MHz tíðnisviðið er eitt þeirra. En í ljósi þeirra sérreglna sem gilda um nýtingu þess tíðnisviðs, sbr. nógildandi lög nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsímaþjónustu, hefur verið vandkvæðum bundið að nýta tíðnisviðið til að svara þeirri þörf.

Þörf fyrir aukin tíðnisvið fyrir farnetsþjónustur endurspeglast jafnframt í afstöðu fjarskiptafyrirtækjanna, eins og hún kemur fram í umsögnum þeirra í nýlegu samráði sem Póst- og fjarskiptastofnun efndi til um skipulag tíðnirófsins. Í niðurstöðuskjali samráðsins, sem birt var í lok september s.l. er að finna eftirfarandi samantekt á svörum umsagnaraðila um nýtingu á 2100 MHz tíðnisviðinu:


„Allir hagsmunaaðilar eru sammála um að ekkert mæli á móti því að fella úr gildi lög um þriðju kynslóð farsímakerfa. Flestir hafa hug á að sækja um tíðniheimildir þær sem lausar eru á 2100 MHz tíðnisviðinu. Nefna hagsmunaaðilar að það sé brýnt að gera tíðnisviðið tæknilega hlutlaust enda geri nútíma tæknilausnir farsímasenda mögulegt að nota ólíka aðgangstækni (2G, 3G og 4G) yfir sama sendinn séu sömu tíðnibönd notuð. Þá myndi slík aðgerð auka hagkvæmni og útbreiðslu dreifikerfisins.“

#### 4. Lokaorð

Samkvæmt framangreindu mælir Póst- og fjarskiptastofnun eindregið með því að frumvarp um brottfall laga nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsímaþjónustu nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Það er álit Póst- og fjarskiptastofnunar að almenn ákvæði fjarskiptalaga um tíðniúthlutanir sé fullnægjandi lagagrundvöllur til að úthluta lausum tíðnum á 2100 MHz tíðnisviðinu í samræmi við markmið um hagkvæm og aðgengileg fjarskipti hér á landi. Því sé óhætt að fella fyrirnefnd lög úr gildi. Í ljósi eftirspurnar fjarskiptafyrirtækja eftir viðbótartíðnisviðum fyrir farnetsþjónustur, til að bregðast við aukinni farnetsnotkun almennings, telur Póst- og fjarskiptastofnun að breið samstaða eigi að geta náðst um afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst,

  
Björn Geirsson